

Nóvember 2020



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga Ársskýrsla 2019



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4
Hlutverk Jöfnunarsjóðs og starfsemi	6
Ráðgjafarnefnd	6
Starfsmenn	7
Vefur	7
Fasteignasjóður	8
Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga – endurskoðun jöfnunarframlaga	9
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu	10
Yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks	11
Dómur Hæstaréttar 2019	12
Tekjur Jöfnunarsjóðs	13
Yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs	14
Notendastýrð persónuleg aðstoð	18
Heildarframlög til sveitarfélaga	19
Fjárhagsleg aðstoð vegna sameiningar sveitarfélaga	20
Ársreikningur 2019	23
Staðfesting ársreiknings	24
Áritun ríkisendurskoðanda	25
Áritun endurskoðanda	26
Rekstrarreikningur árið 2019	28
Efnahagsreikningur 31. desember 2019	29
Sjóðstreymi árið 2019	31
Skýringar	32
Framlög Jöfnunarsjóðs skipt eftir sveitarfélögum, landslutum og verkefnum	39
Skipan ráðgjafarnefnda	45

Ávarp ráðherra

Þrettándi ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nú haldinn við mjög óvenjulegar aðstæður í okkar góða samfélagi. Heimsfaraldurinn hefur gert það að verkum að horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar eru ekki eins bjartar og áður og mun þróun efnahagsmála að miklu leyti ráðast af framvindu heimsfaraldursins sem nú geisar.

Talsverðar breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna sé tekið mið af upphaflegum fjárhagsáætlunum fyrir árið 2020, en miklu skiptir að staða þeirra var mjög sterk um síðustu áramót og má þar nefna lága skuldastöðu þeirra flestra. Jafnframt var staða ríkissjóðs mjög sterk og því má segja að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, hafi verið í góðri stöðu til að takast á við þann efnahagslega samdrátt sem nú er við að eiga vegna heimsfaraldursins.



Jöfnunarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki sem einn af megin tekjustofnum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur fengið sífellt aukið hlutverk frá því að hann hóf starfsemi í núverandi mynd árið 1990. Má í því sambandi nefna hlutverk hans er varðar framlög vegna reksturs grunnskóla og málefna fatlaðs fólks. Án aðkomu Jöfnunarsjóðs gætu fámennari byggðarlög landsins ekki komið að rekstri þessara mikilvægu málaflokka í grunnþjónustu sveitarfélaga. Byggðahlutverk sjóðsins er því gríðarlega mikilvægt og mun ég standa vörð um þennan mikilvæga hluta í starfsemi sjóðsins.

Áætlað er að tekjur Jöfnunarsjóðs dragist saman um 3,5 milljarða króna á árinu 2020 sé tekið mið af upphaflegum áætlunum sem birtust í október árið 2019. Þar munar mestu um lækkaðar tekjur sem byggja á hlutfalli af skatttekjum ríkissjóðs. Hér er vissulega um háar fjárhæðir að ræða og þess vegna hafa ríki og sveitarfélög skrifað undir samkomulag þess efnis að ríkissjóður veiti rúmum 2,8 milljörðum króna inn í Jöfnunarsjóð til að bæta sveitarfélögum upp tekjufallið á árinu 2020.


Framlögum er ætlað að koma til móts við eftirfarandi verkefni:

- 670 milljónum króna verður varið til að koma til móts við lækun framlaga vegna fatlaðs fólks.
- 720 milljónum króna verður varið til sveitarfélaga þar sem aukin kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar er mikill.
- 500 milljónum króna verður varið til sveitarfélaga sem munu glíma við hvað mesta fjárhagsörðugleika vegna heimsfaraldursins.
- 935 milljónum króna verður varið úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð til að koma til móts við aukin framlög úr honum vegna sameininga sveitarfélaga.

Þessu til viðbótar verður sjóðnum heimilt að ráðstafa 1.500 milljónum króna úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2020 og 2021 til að koma til móts við lækkun útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins. Að síðustu er tímabundin lækkun tryggingargjalds sem samsvarar viðbótarútgjöldum launagreiðenda vegna launahækkana í tengslum við lífskjarasamning metin á um 480 milljónir króna til kostnaðarlækkunar fyrir sveitarfélögin. Heildarstuðningur til viðspyrnu fyrir sveitarfélögin nemur því rúmlega 4,8 milljörðum króna.

Mjög mikilvægur þáttur í eflingu sveitarstjórnarstigsins er frekari sameining sveitarfélaga og til að undirstrika mikilvægi þess voru gefnar út nýjar reglur á vegum ráðuneytisins um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Um er að ræða stórukinn stuðning sjóðsins við sameiningar sveitarfélaga sem er verið að kynna þessa dagana. Nú þegar er byrjað að vinna með nýju reglurnar þar sem til skoðunar er að sameina sveitarfélög. Síðustu árin höfum við orðið vitni að sameiningum sveitarfélaga á Suðurnesjum og tveimur á Austurlandi. Nú síðast varð til nýtt sveitarfélag á Austurlandi með sameiningu fjögurra sveitarfélaga og er full ástæða til að óska sveitarstjórnarfólki í sameinuðu sveitarfélagi, sem hlotið hefur nafnið Múlaþing, til hamingju með nýja sveitarfélagið. Fækkun sveitarfélaga mun gera þau að öflugri fjárhagslegum og félagslegum einingum ásamt því að stjórnsýsla þeirra mun eflast til muna. Sameining mun því leiða til aukinnar sjálfbærni á sveitarstjórnarstiginu og gera þeim auðveldara að sinna lögbundnu hlutverki sínu ásamt því að taka við nýjum verkefnum.

Að lokum vil ég óska öllu sveitarstjórnarfólki góðs gengis í þeim krefjandi verkefnum sem framundan eru.



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Hlutverk Jöfnunarsjóðs og starfsemi

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Ráðgjafarnefnd

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er sjö manna ráðgjafarnefnd. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir framlaga úr sjóðnum önnur en bundin framlög. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði frá og með 1. janúar 2019 nýja ráðgjafarnefnd. Sex nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs skipa:

- Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri, formaður nefndarinnar
- Birgir Björn Sigurjónsson, fyrrverandi fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
- Karen E. Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ
- Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ *
- Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðaráðs í Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
- Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ

* Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð og varamaður Daníels, tók sæti hans í nefndinni í maí 2019 og starfaði með nefndinni til áramóta.



Varamenn:

- Sigtryggur Magnason, aðstoðarmaður ráðherra, varaformaður
- Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík
- Kristinn Andersen, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði
- Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð
- Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar
- Stefán Bogi Sveinsson, bæjarfulltrúi í Fljótsdalshéraði
- Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg

Ráðgjafarnefndin fór til Vestfjarða í lok maí 2019 og heimsótti sveitarfélögin Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp. Í ferðinni var fræðst um stöðu sveitarfélaganna og fjallað um helstu verkefni sem í gangi voru á þessum tíma. Fundað var með sveitarstjórnarfulltrúm sveitarfélaganna og starfsfólki þeirra. Þá var Vestfjarðarstofa heimsótt þar sem nefndin fékk ítarlega kynningu á starfseminni. Jafnframt voru fyrirtækin Arna mjólkurvinnsla, Sætt og salt og Artic Fish heimsótt. Þá voru framkvæmdir við Dýrafjarðargöng skoðuð.

Ráðgjafarnefndin hélt 13 bókaða fundi á árinu 2019.

Fundargerðir ráðgjafarnefndarinnar eru birtar á vef sjóðsins, www.jofnunar-sjodur.is. Megintilgangur með birtingunni er að upplýsa sveitarstjórnarfólk og starfsfólk sveitarfélaga um starfsemi sjóðsins, umfjöllun og afgreiðslu þeirra erinda sem berast sjóðnum og tillögur nefndarinnar til ráðherra um úthlutanir framlaga.

Starfsmenn

- Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur
- Gústav Aron Gústavsson, sérfræðingur
- Hrafnkell Hjörleifsson, sérfræðingur
- Tinna Dahl Christiansen, sérfræðingur

Vefur

Á vef Jöfnunarsjóðs, jofnunar-sjodur.is, er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga og fleira. Jafnframt er bent á upplýsingagátt Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á netsvæðinu js.data.is. Upplýsingagáttin veitir á gagnvirkan hátt aðgang að tölfraeðiupplýsingum um framlög sjóðsins. Þar er hægt að skoða og bera saman framlög sjóðsins eftir landsvæðum og sveitarfélögum aftur til ársins 2013.

Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar ráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir einstakra framlaga sjóðsins.

Ársfundur

Tólfti ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn 2. október 2019 á Hilton Hótel Nordica.

Ársfundinn sátu framkvæmdastjórar sveitarfélaga eða staðgenglar þeirra, fulltrúar samtaka sveitarfélaga og aðrir samstarfsaðilar Jöfnunarsjóðs.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ávarpaði fundinn í upphafi og fjallaði um mikilvægi sjóðsins við að jafna aðstöðumun sveitarfélaga svo þau geti sinnt skyldum sínum hvað varðar þjónustu við íbúana. Þá fjallaði hann um að framlög sjóðsins vegi misþungt í tekjum þeirra sökum ólíkra aðstæðna sveitarfélaga í mjög svo dreifbýlu landi. Þá kom fram hjá ráðherra að hjá flestum sveitarfélögum vegi framlögin á bilinu 20%-40% af tekjum þeirra en að jafnframt séu dæmi um að framlög úr sjóðnum séu um eða yfir 50% af tekjum. Ráðherra sagði að þessi staðreynd segi okkur að líklega séu sveitarfélögin enn of fámenn og of mörg og þar með ekki sjálfbærar einingar til að geta sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Ráðherra fór einnig nokkrum orðum um aðgerðaáætlun í nýrri þingsályktunartillögu um stefnumótun í málefnum sveitarfélaga en þar er gert ráð fyrir að reglum um stuðning Jöfnunarsjóðs verði breytt til að tryggja aukinn fjárhagslegan stuðning við sameiningar sveitarfélaga.

Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði, fór yfir störf sjóðsins á árinu 2018 ásamt ársreikning sjóðsins það ár. Heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu tæpum 47,7 milljörðum króna árið 2018 og fram kom að tekjuafgangur sjóðsins hafi verið 38,6 milljónir króna á árinu.

Á fundinum kynnti Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, metnaðarfullan samráðsvettvang sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk vettvangsins væri að miðla þekkingu og reynslu og þróa sameiginlegar aðferðir til að mæla árangur.

Þá flutti Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshrepps, fyrirlestur um fyrirhugaða sameiningu nokkurra sveitarfélaga á Austurlandi. Loks kynnti Hörður Hilmarsson, sérfræðingur hjá Capacent, nýja og endurbætta upplýsingagátt Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fasteignasjóður

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var stofnaður í kjölfar yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011. Tekjur Fasteignasjóðs eru hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs af 0,99% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert.

Í reglugerð nr. 460/2018 um starfsemi Fasteignasjóðs er m.a. kveðið á um skilyrði þess að veittir séu styrkir til sveitarfélaga úr sjóðnum. Sjóðurinn hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir, sbr. 13. gr. b. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í reglugerðinni er að finna nánari reglur um starfsemi Fasteignasjóðs en samkvæmt henni er gert ráð fyrir að styrkir verði veittir til eftirtalinna verkefna:

1. Til fjármögnunar á hlutdeild í stofnframlagi til byggingar búsetukjarna fyrir fatlaða íbúa með mjög miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir á móti framlagi Íbúðalánasjóðs.
2. Til jöfnunar á íþyngjandi kostnaði vegna langtímaleigusamninga um húsnæði fyrir fatlað fólk sem sveitarfélög yfirtóku samhliða yfirfærslu málaflokksins árið 2011.
3. Til stuðnings við nauðsynlegar endurbætur á eldra íbúðarhúsnæði fatlaðs fólks með verulegar þjónustu- og stuðningsþarfir sem gera því kleift að búa áfram á heimilum sínum.
4. Til byggingar hæfingarstöðva til að sinna lögbundnu hlutverki þeirra til hæfingar fatlaðs fólks.
5. Í öðrum sérstökum undantekningartilvikum sem talin eru falla vel að hlutverki Fasteignasjóðs en falla þó ekki undir lið 1-4 hér að framan.

Að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga var lagt til á árinu 2020 í aðgerðarpakka sveitarfélaga um viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum að Fasteignasjóður verði nýttur í auknum mæli til uppbyggingar til að bæta aðgengi fatlaðs fólks að mannvirkum og útivistarsvæðum. Lokið er við nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 vegna þessa og unnið er að breytingu á reglugerð um Fasteignasjóð til að sjóðurinn geti komið að þess háttar uppbyggingu.

Það er ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir sjóðsins til sveitarfélaga.

Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga – endurskoðun jöfnunarframlaga

Þann 1. janúar 2019 tók í gildi ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Reglugerðin er nr. 1088/2018 og er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Við gildistöku reglugerðarinnar féll úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum.

Reglugerðin byggir á vinnu nefndar sem endurskoðaði jöfnunarframlög sjóðsins og skilaði tillögum sínum til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í lok árs 2017. Helstu markmið með breytingunum voru að:

- Auka jöfnuð milli sveitarfélaga.
- Styrkja millistór sveitarfélög og draga úr framlögum til tekjuhærrí sveitarfélaga.
- Draga úr neikvæðum áhrifum vegna sameiningar sveitarfélaga á framlög sjóðsins til útgjaldajöfnunar og styrkja þar með hvata til sameiningar.
- Auka framlög til sveitarfélaga sem eru með hlutfallslega mörg börn á grunn-skólaaldri, sveitarfélaga sem hafa marga þéttbýliskjarna og sveitarfélaga á vaxtasvæðum.

Breytingar á forsendum útgjaldajöfnunarframlaga í framangreindri reglugerð eru eftirfarandi:

1. Breytingar á hagkvæmnilínu sem mun styrkja millistór sveitarfélög sem mörg hver hafa verið í miklum vexti undanfarin ár.
2. Gerðar voru breytingar á vægi einstakra viðmiða sem m.a. draga úr vægi fjarlægða innan sveitarfélaga.
3. Bætt var við nýju viðmiði sem snýr að fjölgun íbúa en því fylgja mikil útgjöld þegar sveitarfélög eru í örum vexti.

Á árinu var í fyrsta sinn veitt framlög vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk búsett í dreifbýli að fjárhæð 14 m.kr. Framlögin eru veitt á grundvelli B-hluta 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en framlögin eru hluti af útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins. Uppruna framlaganna má rekja til stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2018-2024 sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2018. Um er að ræða aðgerð A-12 í áætluninni sem fjallar um akstursþjónustu í dreifbýli en þar kemur fram að markmiðið sé að mæta þörfum fatlaðs fólks sem býr við aðstöðumun gagnvart almenningssamgöngum.

Framlög til eflingar tónlistarfræðslu

Framlögum ríkisins til að efla tónlistarfræðslu er ætlað til að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng.

Í gildi er samkomulag milli ríkisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga um málefni tónlistarskóla en gildistími samkomulagsins er frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2021. Á samningstímanum greiðir ríkissjóður mánaðarlega framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ráðstafað er til sveitarfélaga í samræmi við reglur sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setur. Framlag ríkisins tekur breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu fjárlaga hverju sinni og er notuð tilfærslureglan 85-15, þ.e. launauppfærsla er 85% og verðlagsuppfærsla 15%.

Framlag ríkisins til eflingar tónlistarfræðslu á árinu 2019 nam 556,5 m.kr. Á móti framlagi ríkisins skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka yfir verkefni frá ríki sem nemur 234,7 m.kr. á ársgrundvelli, sbr. viðauka við samkomulagið. Þau verkefni sem sveitarfélögin taka yfir taka jafnframt breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu.



Yfirlýsing á málefnum fatlaðs fólks

Árið 2019 tók í gildi reglugerð nr. 145/2019, um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2019. Jafnframt féll úr gildi reglugerð nr. 320/2018, um framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

Í 1. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um tekjur Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk og að þær skuli renna í sérdeild innan sjóðsins. Þær voru eftirfarandi á árinu 2019:

- a) Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars er nemur 0,99%.
- b) Framlag úr ríkissjóði er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- c) Framlag úr ríkissjóði er nam 410 m.kr. vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 145/2019 var útreikningur almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2019 með eftirfarandi hætti:

- a) 88% skiptust hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf.
- b) 10,75% skiptust hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga árið 2019.
- c) 1,25% skiptist hlutfallslega miðað við fjarlægðir innan þjónustusvæða og að teknu tilliti til fjölda sveitarfélaga innan svæða.

Í 2. gr. reglugerðarinnar er ákvæði sem veitir ráðgjafarnefnd heimild til að veita sérstök framlög til svæða ef um verulega íþyngjandi kostnað umfram tekjur er að ræða. Að tillögu ráðgjafarnefndar og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga nam viðbótarframlagið á árinu 2019 samtals 400 m.kr. og tók annars vegar mið af rekstrarniðurstöðu þjónustusvæðanna á árinu 2018 og skiptihlutfalli þjónustusvæða.

Dómur Hæstaréttar 2019

Með dómi Hæstaréttar frá 14. maí 2019 var komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði reglugerðar nr. 960/2010 sem kvað á um að framlög Jöfnunarsjóðs til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur væru að minnsta kosti 50% umfram landsmeðaltal myndu falla niður, væri ekki í samræmi við þann lagaáskilnað 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að mæla skuli fyrir um tekjustofna sveitarfélaga í lögum.

Niðurstaða dómsins var sú að íslenska ríkinu bar að greiða stefnanda málsins þá fjárhæð sem nam þeim framlögum sem felld voru niður til sveitarfélagsins á tímabilinu 2013-2016, með vöxtum. Um er að ræða framlög til jöfnunar tekju-taps vegna einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja og framlaga vegna yfirfærslu grunnskóla.

Fjögur önnur sveitarfélög höfðu einnig stefnt inn máli á sama grundvelli. Gengið var frá samkomulagi við sveitarfélögin fjögur þar sem fallist var á dómskröfur þeirra. Samkomulagið fól í sér að ríkið samþykkti að greiða þá fjárhæð sem nam framlögum sem felld voru niður til þeirra á tímabilinu 2013-2016, með vöxtum, gegn því að málin yrðu látin niður falla.

Við meðferð málsins fyrir dómi var aðild Jöfnunarsjóðs vísað frá þar sem talið var að hann væri hluti af ríkisvaldinu en ekki sjálfstæður aðili í skilningi einkamála. Ríkissjóður innti af hendi greiðslu vegna dómsins og ofangreinds samkomulags, samtals að fjárhæð 935.282.407 kr.

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar voru ákvarðanir samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytisins um niðurfellingu framlaga til sveitarfélaganna fimm á árunum 2017-2018 afturkallaðar, og kom því til úthlutun þeirra framlaga sem höfðu verið látin niður falla á tímabilinu. Greiðslan fór fram úr Jöfnunarsjóði, samtals kr. 462.808.359.

Fyrir liggur lögfræðialit um að Jöfnunarsjóður sé sjálfstæður tekjustofn sveitarfélaga og því verða greiðslur ríkisins, vegna dóms eða annarrar ákvörðunar sem snertir framlög úr sjóðnum, af þeirri ástæðu einungis fjármagnaðar af tekjum og eignum sjóðsins í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en ekki úr ríkissjóði. Hafa því allar greiðslur ríkisins sem hafa komið til vegna niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 34/2018, verið bókfærðar á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í kjölfar breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum, sem samþykkt voru á Alþingi 17. desember 2019 er komin skýr heimild til að fella niður framlög úr Jöfnunarsjóði hjá þeim sveitarfélögum þar sem reiknaðar hámarkstekjur eru 50% umfram meðaltekjur annarra sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki. Framlög falla niður að fullu til þeirra sveitarfélaga þar sem reiknaðar hámarkstekjur eru 50% umfram meðaltekjur annarra sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki.

Tekjur Jöfnunarsjóðs


Á grundvelli 8. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, er Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti:

- a) Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. (Þar af skal fjárhæð er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum renna til málefna fatlaðs fólks.)
- b) Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- c) Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:
 1. er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
 2. er nemur 0,99% til jöfnunar vegna málefna fatlaðs fólks.
- d) Vaxtatekjur.

Á árinu 2019 komu jafnframt tekjur frá ríkissjóði vegna framlaga til eflingar tónlistarfræðslu að fjárhæð 556,5 m.kr., framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) að fjárhæð 410,0 m.kr., vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda að fjárhæð 30,0 m.kr. og vegna Sólheima 30,0 m.kr.

Þróun tekna Jöfnunarsjóðs 2014 - 2020

M.kr. á verðlagi hvers árs



Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 1088/2018. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

Yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs

Á grundvelli reglugerðar nr. 1088/2018 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunn-skóla og jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks.

Bundin framlög skv. 6. gr.

Bundin framlög eru greidd til eftirtalinnna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

Bundin framlög 2014 - 2020 í m.kr.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Áætlun 2020
Samband íslenskra sveitarfélaga	332	359	380	425	451	474	470
Landshlutasamtök	197	199	219	246	258	269	253
Innheimtustofnun sveitarfélaga	729	677	464	397	404	473	675
Umsjónarnefnd eftirlauna	3	2	2	2	1	1	2
Húsafriðunarsjóður	49	49	50	51	52	54	55
Samtals	1.310	1.286	1.115	1.121	1.166	1.270	1.455

Sérstök framlög skv. 7. gr.

Sérstök framlög eru greidd sveitarfélögum vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Sérstök framlög eru:

- **Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003, með síðari breytingum:** Á árinu 2019 voru greidd framlög til tveggja samein- aðra sveitarfélaga og tveggja sem unnu að sameiningu á árinu.
- **Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga:** Engin framlög voru veitt vegna þessa liðar á árinu 2019.
- **Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglu- gerð nr. 180/2016, með síðari breytingum:** Matvælastofnun annast stjórn- sýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- **Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum:** Við útreikning framlag- anna er tekið mið af álagningarprósentum fasteignaskatts á viðkomandi ári.

- **Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu:** Hér undir fellur m.a. framlag til rekstrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel. 1. janúar 2019 tók í gildi nýtt samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um starfsemina í Brussel og gildir samkomulagið til 31. desember 2021. Þá falla framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga, vegna samstarfsverkefna sem þau hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríkið og tengjast sóknaráætlunum landshluta, til sérstakra verkefna. Jafnframt veitti sjóðurinn framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna mótnar nýrra sóknaráætlana, en samningar við ríkið þar um runnu út í lok árs 2019.
- **Framlög til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda:** Úthlutun framlaga á árinu 2019 fór fram á grundvelli reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

Sérstök framlög 2014 - 2020 í m.kr.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Áætlun 2020
Framlög vegna sameininga sveitarfélaga	202	196	167	196	413	328	600
Framlög vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga	11	15	35	160	0	0	50
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum	14	11	22	25	24	21	25
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v. fasteignaskatts	3.725	3.682	4.079	4.570	4.715	4.685	4.261
Framlög vegna húsaleigubóta	4.072	4.455	4.590	0	0	0	0
Framlög til sérstakra verkefna	43	44	69	60	114	133	70
Framlög til sveitarfélaga af skatti á fjármálafyrirtæki	0	0	0	650	0	0	0
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu	520	610	550	537	545	557	572
Samtals	8.587	9.013	9.512	6.198	5.810	5.723	5.578

Jöfnunarframlög skv. 8. gr.


Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, sbr. eftirfarandi:

- **Tekjujöfnunarframlögum** er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Reiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
- **Útgjaldajöfnunarframlögum** er varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf. Framlögum er skipt í A- og B-hluta. Undir A-hluta falla framlög tengd íbúafjölda, framlög vegna fjarlægða, fjölda þéttbýlisstaða, fækkunar íbúa og snjómoksturs í þéttbýli. Á árinu 2019 bættist jafnframt við nýtt viðmið sem snýr að fjölgun íbúa, en

mikil útgjöld geta fylgt örum vexti sveitarfélaga. Undir B-hluta falla framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli. Úthlutun þeirra framlaga fer fram á grundvelli sérstakra vinnureglna. Jafnframt voru greidd framlög vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli

Þróun jöfnunarframlaga 2014 - 2020

M.kr. á verðlagi hvers árs




Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skv. 9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 1. tölul. c-liðar 4. gr., að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga, er varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga vegna kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002, með síðari breytingum. Eftirfarandi framlög voru veitt á grundvelli reglugerðarinnar:

- **Almenn framlög:** Til almennra framlaga var varið 75% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2019 til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- **Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda:** Sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustuþarfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- **Framlög vegna nýbúafræðslu:** Viðbótarframlög vegna sérstakrar kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál og framlag til Menntamálastofnunar á grundvelli samnings vegna starfa kennsluráðgjafa og verkefnastjóra.
- **Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum:** Framlag er greitt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu grunnskólans og samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- **Framlag til Barnaverndarstofu:** Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags og er framlagið síðan innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.
- **Önnur framlög:** Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna.

Framlög til reksturs grunnskóla 2019 M.kr.




Jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks skv. 11. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 2. tölul. c-liðar 4. gr. og 0,235% af framlagi úr ríkissjóði, að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga, er varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða, sbr. reglugerð nr.

145/2019. Eftirfarandi framlög voru veitt á grundvelli reglugerðarinnar:

- **Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk:** Til almennra framlaga var varið um 91,2% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2019 til greiðslu framlaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.
- **Framlög vegna breytingakostnaðar:** Framlöggin ná til ýmissa kostnaðarþátta vegna yfirfærslunnar, sérfræðiaðstoðar og framlags til Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- **Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar:** Á árinu 2019 komu til greiðslu framlög vegna NPA-samninga sem í gildi voru á árinu 2019. Um 92,9 m.kr. af framlaginu frá ríki vegna NPA voru óhafnar í árslok 2019 og eru því til ráðstöfunar á árinu 2020.
- **Framlög vegna lengdrar viðveru:** Framlöggin greiðast vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda.
- **Framlög til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga:** Framlöggin nema svipaðri fjárhæð og var áður til ráðstöfunar hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra á grundvelli fjárlaga.
- **Stofnkostnaðarframlög v. málefna fatlaðs fólks:** Framlöggunum er ætlað að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytinga á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk.

Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 2019 M.kr.



Notendastýrð persónuleg aðstoð

Á grundvelli 5. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2019, nr. 145/2019, greiddi Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjónustusvæðum/sveitarfélögum framlög á árinu 2019 vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Alls sóttu ellefu þjónustusvæði um framlag vegna 90 samninga og nam úthlutað framlag vegna NPA á árinu 2019 samtals 438,1 m.kr. Samningum fjölgaði um 12 frá fyrra ári.

Framlögin voru fjármögnuð með óráðstöfuðum fjárveitingum úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs vegna verkefnisins, ásamt sérstöku framlagi frá ríki. Verður það einnig gert á árinu 2020.

Framlög vegna NPA árið 2019

Þjónustusvæði	Fjöldi samninga	Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Reykjavíkurborg	24	164.817.100
Kópavogsbær	7	30.195.542
Garðabær	6	25.972.717
Hafnarfjarðarkaupstaður	18	91.741.170
Mosfellsbær	11	26.255.229
Vesturland	1	5.903.424
Vestfirðir	1	3.592.251
Norðurland vestra	7	27.176.185
Fjallabyggð/Dalvíkurbyggð	2	2.009.096
Eyjafjörður	9	35.368.657
Suðurland	4	25.076.341
Samtals	90	438.107.712







Heildarframlög til sveitarfélaga

Á myndinni hér á eftir má sjá þróun heildarframlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga á árunum 2014 til 2020. Framlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði á árinu 2019 námu um 47.529 m.kr. að meðtöldum framlögum til þjónustuvæða og sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Áætluð framlög til sveitarfélaga á árinu 2020 að meðtöldum framlögum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks nema samtals um 50.448 m.kr.

Þróun heildarframlaga til sveitarfélaga 2014 - 2020 M.kr. á verðlagi hvers árs



Framlög eftir landshlutum 2014-2019 Krónur pr. íbúa



Fjárhagsleg aðstoð vegna sameiningar sveitarfélaga

Nýjar reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga hafa tekið gildi. Reglurnar fela í sér aukinn fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga og er ein af aðgerðum í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Nýju reglurnar varða fyrirkomulag útreiknings á skuldajöfnunarframlagi sem og framlags vegna endurskipulagningar á stjórnsýslu í kjölfar sameiningar. Einnig er komið til móts við þau sveitarfélög þar sem íbúapróun hefur verið undir landsmeðaltali með sérstöku byggðaframlagi.


Samkvæmt tillögu að nýjum reglum verða eftirfarandi fimm þættir grundvöllur útreiknings framlaga:

- 1 Undirbúningur og framkvæmd sameiningar.
- 2 Óskert tekju- og útgjaldajöfnunarframlög.
- 3 Skuldajöfnunarframlag.
- 4 Endurskipulagning þjónustu og stjórnsýslu.
- 5 Byggðaframlag.

Allt að 15 milljarðar króna gætu runnið í slíkan stuðning á næstu 15 árum allt eftir því hvort sveitarfélög hyggjast nýta sér þennan möguleika. Nýmæli er að einstök sveitarfélög geta fyrirfram séð hvað kæmi í þeirra hlut samkvæmt reglum óháð því hvaða sveitarfélagi verið er að sameinast.

Skipting heildarframlags 2019 eftir landshlutum

M.kr.



Framlög vegna fjárhagslegrar aðstoðar í kjölfar sameiningar sveitarfélaga M.kr.

Nr.	Landshluti	Íbúa- fjöldi 1.1.2020	Tekjur	Fjárhæð skulda- viðmiðs	Hlutfall skulda- viðmiðs	Skulda- jöfnunar- framlag	Fast framlag til sveitarf.	Byggða- framlag	Samtals framlag vegna samein- ingar	Framlag per íbúa (þús.kr.)
0	Reykjavíkurborg	128.793	123.350	64.984	53%	400	100	200	700	5
1000	Kópavogsbær	36.975	32.880	29.348	89%	400	100	0	500	14
1100	Seltjarnarneskaupstaður	4.664	4.348	2.267	52%	400	100	77	577	124
1300	Garðabær	16.299	15.025	10.326	69%	400	100	0	500	31
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	29.799	26.423	28.656	108%	400	100	200	700	23
1604	Mosfellsbær	11.463	11.623	9.446	81%	400	100	0	500	44
1606	Kjósarhreppur	238	263	-4	-1%	0	100	0	100	420
2000	Reykjanesbær	18.920	17.316	14.676	85%	400	100	0	500	26
2300	Grindavíkurbær	3.427	3.312	-1.420	-43%	0	100	0	100	29
2506	Sveitarfélagið Vogar	1.286	1.220	806	66%	210	100	0	310	241
2510	Suðurnesjabær	3.480	3.812	1.536	40%	270	100	0	370	106
3000	Akraneskaupstaður	7.411	7.084	1.636	23%	164	100	0	264	36
3506	Skorradalshreppur	58	113	-103	-91%	0	100	2	102	1.755
3511	Hvalfjarðarsveit	638	1.048	-956	-91%	0	100	78	178	278
3609	Borgarbyggð	3.807	4.031	1.177	29%	151	100	32	283	74
3709	Grundarfjarðarbær	866	996	1.038	104%	349	100	120	569	657
3710	Helgafellssveit	62	62	-65	-105%	0	100	0	100	1.613
3711	Stykkishólmsbær	1.201	1.343	1.530	114%	400	100	8	508	423
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	117	180	-92	-51%	0	100	35	135	1.157
3714	Snæfellsbær	1.674	2.107	1.049	50%	209	100	184	493	294
3811	Dalabyggð	673	792	97	12%	10	100	113	223	331
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	953	1.124	1.047	93%	330	100	33	464	486
4200	Ísafjarðarbær	3.800	4.544	3.322	73%	400	100	103	603	159
4502	Reykholahreppur	258	423	72	17%	7	100	35	142	550
4604	Tälknafjarðarhreppur	258	316	180	57%	42	100	86	228	884
4607	Vesturbyggð	998	1.282	1.149	90%	357	100	44	501	502
4803	Súðavíkurhreppur	204	306	-229	-75%	0	100	9	109	534
4901	Árneshreppur	40	52	-45	-86%	0	100	17	117	2.919
4902	Kaldrananeshreppur	103	132	-70	-53%	0	100	15	115	1.116
4911	Strandabyggð	449	587	414	71%	113	100	66	279	622
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	3.992	5.119	4.664	91%	400	100	146	646	162
5508	Húnaþing vestra	1.181	1.522	-564	-37%	0	100	42	142	121
5604	Blönduósbær	939	1.142	712	62%	178	100	7	285	304
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	452	587	-457	-78%	0	100	67	167	369
5611	Skagabyggð	90	119	-90	-76%	0	100	20	120	1.328
5612	Húnavatnshreppur	371	459	53	12%	5	100	87	192	519
5706	Akrahreppur	202	199	-167	-84%	0	100	5	105	519
6000	Akureyrarkaupstaður	18.925	20.301	11.165	55%	400	100	200	700	37
6100	Norðurþing	3.042	3.617	2.873	79%	400	100	0	500	164
6250	Fjallabyggð	2.007	2.450	468	19%	47	100	200	347	173
6400	Dalvíkurbyggð	1.905	2.185	616	28%	76	100	78	254	133
6513	Eyjafjarðarsveit	1.042	1.125	-142	-13%	0	100	32	132	127
6515	Hörgársveit	616	751	26	3%	3	100	2	105	170
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	491	459	-179	-39%	0	100	0	100	204
6602	Grýtubakkahreppur	371	428	0	0%	0	100	16	116	314
6607	Skútustaðahreppur	502	531	-54	-10%	0	100	0	100	199
6611	Tjörneshreppur	55	46	-85	-184%	0	100	11	111	2.023
6612	Þingeyjarsveit	894	1.150	280	24%	28	100	156	284	318
6706	Svalbarðshreppur	91	118	-70	-59%	0	100	15	115	1.268
6709	Langanesbyggð	504	745	752	101%	246	100	86	432	857
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	685	856	369	43%	68	100	21	189	276
7300	Fjarðabyggð	5.070	6.231	7.142	115%	400	100	193	693	137
7502	Vopnafjarðarhreppur	660	766	678	89%	209	100	87	396	600
7505	Fljótisdalshreppur	74	270	-306	-113%	0	100	0	100	1.351
7509	Borgarfjarðarhreppur	109	145	-111	-76%	0	100	27	127	1.169
7617	Djúpavogshreppur	472	635	510	80%	150	100	0	250	530
7620	Fljótisdalshérað	3.600	4.312	4.276	99%	400	100	101	601	167
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	2.389	2.658	-110	-4%	0	100	0	100	42

Framhald töflu á næstu síðu.

Nr.	Landshluti	Íbúa- fjöldi 1.1.2020	Tekjur	Fjárhæð skulda- viðmiðs	Hlutfall skulda- viðmiðs	Skulda- jöfnunar- framlag	Fast framlag til sveitarf.	Byggða- framlag	Samtals framlag vegna samein- ingar	Framlag per íbúa (pús.kr.)
8000	Vestmannaeyjabær	4.301	4.127	-775	-19%	0	100	186	286	66
8200	Sveitarfélagið Árborg	9.485	9.029	9.097	101%	400	100	0	500	53
8508	Mýrdalshreppur	695	715	266	37%	44	100	0	144	207
8509	Skaftárhreppur	583	694	89	13%	9	100	0	109	187
8610	Ásahreppur	248	454	-233	-51%	0	100	0	100	403
8613	Rangárþing eystra	1.924	1.940	220	11%	22	100	0	122	63
8614	Rangárþing ytra	1.636	1.855	749	40%	132	100	15	247	151
8710	Hrunamannahreppur	786	981	362	37%	60	100	30	190	242
8716	Hveragerðisbær	2.628	2.913	2.954	101%	400	100	0	500	190
8717	Sveitarfélagið Ólfus	2.153	2.372	923	39%	158	100	0	258	120
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	493	1.001	-528	-53%	0	100	0	100	203
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	626	692	140	20%	14	100	0	114	182
8721	Bláskógabyggð	1.121	1.348	611	45%	191	100	0	291	260
8722	Flóahreppur	667	743	-146	-20%	0	100	0	100	150
	Samtals	356.991	353.883	217.751	62%	10.253	7.200	3.290	20.742	58

Ársreikningur 2019


Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningsskilaaðferðir eru í megin atriðum þær sömu og árið áður.

Á árinu 2019 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins 161,2 m.kr. samanborið við 38,6 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 5.552,8 m.kr., skuldir 4.762,5 m.kr. og eigið fé 790,3 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík, nóvember 2020



Sigurður Ingi Jóhannsson,
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Guðný Sverrisdóttir,
formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áritun ríkisendurskoðanda til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda


Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Kannað var hvort rekstur sjóðsins var í samræmi við þau lög sem um hann gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáráukalög, sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, nóvember 2020



Skúli Eggert Þórðarson,
ríkisendurskoðandi

Áritun endurskoðanda til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2019, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Jöfnunarsjóðnum og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

